

KIRKJUGARÐARÁÐ

95. fundur haldinn 16. apríl 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason og Ragnhildur Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð. Smári Sigurðsson og Kristín Huld Sigurðardóttir boðuðu forföll.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Formaður setti fund og fór yfir fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

2. Kortagerð og legstaðaskrár – kynning Sigurgeir Skúlason

Sigurgeir gerði grein fyrir verkefninu. Rætt hefur verið við Ísgraf ehf, sem sérhæfir sig í grafískri kortagerð, um að útbúa kortsjá af kirkjugörðum sem sýnir grafískt hvernig grafið er í kirkjugarða, þ.e. hvar grafir liggja. Slík kortsjá mun auðvelda að gefa upplýsingar um hvar eftir er að að grafa í garða. Fyrirtækið Loftmyndir mun setja upp kortsjána með loftmyndum og teiknuðum kortum fyrir allt landið sem verður aðgengilegt á vefnum gardur.is. Á þessum kortum verður hægt að skoða alla kirkjugarða á landinu og hvar grafið hefur verið í þeim. Sigurgeir mun fá aðgengi að kortsjánni og getur uppfært grafir og alfarið séð um að teikna nýjar grafir og uppfæra þær inn á kortið.

Ákveðið var að ganga til samninga við Ísgraf ehf. um kortagerð og hefja undirbúning að gerð draga að samningi þar um. Hugmyndin er að Kirkjugarðaráð og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma skipti kostnaðinum.

3. Nýjustu fréttir af stöðu kirkjugarðafrumvarpsins

Þórsteinn gerði grein fyrir stöðu frumvarpsins. Hann skýrði frá því að nú væru liðin sex ár frá því að nefnd sú, sem hann veitti forstöðu, hefði samið breytingatillögur þær sem enn væri verið að skoða. Frumvarpið hefði þrívægis verið lagt fram í þinginu, en ekki hlotið afgreiðslu. Helsta ágreiningsefnið sé hvernig líkhúsmálum verði fyrir komið í lögunum, þ.e. hvort opinberir aðilar eigi að sjá um þann rekstur eða hvort einkavæða eigi reksturinn og hvar kostnaðurinn eigi þá að liggja. Í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því að að opinberir aðilar sjái áfram um þennan rekstur og þeim verði heimilað að taka gjald sem nemur kostnaði við rekstur þeirra. Einnig sé kveðið á um heimild til handa einkaaðila til að reka líkhús.

Þórsteinn skýrði einnig frá því að nú hefði hann nýlega grennslast fyrir um stöðu lagafrumvarpsins hjá innanríkisráðuneytinu og fengið þær upplýsingar að það væri enn hjá fjármálaráðuneytinu. Innanríkisráðuneytið hafi þó fengið kostnaðarmat og umsögn fjármálaráðuneytisins.

Ákveðið var að Ragnhildur og Guðmundur Rafn færu á fund með Hermanni Sæmundssyni skrifstofustjóra í innanríkisráðuneytinu til að fá nánari upplýsingar um stöðu frumvarpsins.

4. Bréf frá Kirkjugörðum Laugalandsprestakalls

Kirkjugarðaráði hefur borist erindi frá stjórn Kirkjugarða Laugalandsprestakalls þar sem gerð er grein fyrir versnandi rekstrarstöðu kirkjugarða prestakallsins. Kirkjugarðsgjöldin hafi lækkað, en kostnaður við hirðingu garðanna hafi að sama skapi aukist. Einnig sé fyrirsjáanlegt að framlög vegna útfara hrökkvi varla fyrir kostnaði við grafartöku og frágang leiða. Stjórn kirkjugarða prestakallsins hvetur til þess að föst framlög verði endurskoðuð og hækkuð og að mál þessi verði tekin til umræðu á hverjum þeim vettvangi sem snerti kirkjugarða og kirkjur.

Upplýst var að Kirkjugarðasambandið hefur ákveðið að láta endurskoða skiptingu á milli garðanna með tilliti til þess hvort núverandi skipting sé sanngjörn. Guðmundi Rafni var falið að svara erindinu.

5. Könnun á sameiningu kirkjugarða á Suðurnesjum

Þessum lið var frestað að svo stöddu.

6. Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir aðalfundi Kirkjugarðasambandsins sem verður haldinn á Hótel Laka 12. maí næstkomandi.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 14. maí kl. 13:00.

8. Önnur mál

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:25.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður og ritari